Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs á Vesturlandi sumarið 2026

Borgarbyggð



Ritstjóri: Kristjana Vilhjálmsdóttir

Höfundar efnis: Birna Lárusdóttir, Brynja Árnadóttir, Gylfi Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Kristborg Þórsdóttir & Sólveig Guðmundsdóttir Beck

Reykjavík 2026
FS1119-26221

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumynd er af tóft BO-149:014.01 í landi Grjóteyrar.
Myndina tók Kristjana Vilhjálmsdóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3589

©2026
Fornleifastofnun Íslands
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar á jarðstreng á tveimur svæðum í Borgarbyggð. Skráningin var unnin að beiðni RARIK á Vesturlandi. Deiliskráningarsvæðin voru samanlagt um 18,1 km löng. Tekið var út 30-35 m breitt belti, eftir fjölda fyrirhugaðra strengja, og það gengið skipulega við úttektina.

Vettvangsvinna fór fram sumar og haust 2026. Alls voru skráðar 21 fornleif á 17 minjastöðum. Þar af töldust 16 fornleifar í mikilli hættu, tvær í hættu en þrjár í engri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Að vettvangskönnun lokinni voru tillögur settar fram um færslu á jarðstrengnum.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, jarðstrengur, Borgarbyggð, Fornleifastofnun Íslands.

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in summer and autumn 2026 in two areas in the Borgarbyggð municipality. The survey was commissioned by the Iceland State Electricity (RARIK) in relation to a new underground power line in the municipalities. The surveyed areas were 30-35 m wide, depending on the number of proposed power lines, and in total about 18,1 km long.

In all 21 archaeological sites were surveyed at 17 locations. Of those, 16 sites were considered to be at high risk, two to be at moderate risk and three to be at no risk due to the proposed power line.

Keywords: Archaeology, detailed survey, powerline, Borgarbyggð, Institute of Archaeology in Iceland.

Efnisyfirlit

I. Inngangur 1
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 5
III. Aðferðir við fornleifaskráningu 7
IV. Fornleifaskrá 11
BO-132 Neðri-Hreppur 11
BO-149 Grjóteyri 15
BO-151 Árdalur 17
BO-152 Ytri Skeljabrekka 20
BO-169 Hvítárvellir 23
BO-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Skorradalshreppi 27
BO-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Andakílshreppi 28
MH-101 Ferjubakki 31
V. Niðurstöður og umræða 37
V.I. Svæði 1 – Borgarfjarðarbrú að Vatnshömrum 41
V.I. Svæði 2 – Vatnshamrar að Ferjubakka 46
Heimildir 49
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 51
Viðauki II: Minjakort 53

I. Inngangur


Á vordögum 2026 fór RARIK á Vesturlandi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér fornleifaskráningu á fyrirhugaðri strengleið á tveimur samtengdum svæðum í Borgarbyggð á Vesturlandi.

Fornleifastofnun Íslands hafði unnið eldri fornleifaskráningar á hlutum sumra þeirra svæða sem strengleiðirnar lágu um: Á fyrirhuguðu vegastæði um Vatnshamraleið árið 1997,[1] á Hvanneyri og nærliggjandi jörðum árið 1999,[2] á Grjóteyri árið 2003,[3] á völdum jörðum í Borgarbyggð árin 2007-2008[4] og í niðurdal Skorradals árið 2017.[5] Var stuðst við þau gögn eftir þörfum og þau uppfærð til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru í dag. Að auki skaraðist endi strengleiðar við þá strengleið sem Fornleifastofnun Íslands tók út fyrir RARIK árið 2025.[6] Einnig hafði Fornleifastofnun Íslands unnið heimildaskráningu á hluta annarra þeirra svæða sem voru til skoðunar[7] og nýttist hún vel í verkefninu.

Úttektarsvæðið náði 15 m út frá áætlaðri legu jarðstrengs til beggja hliða, alls 30-35 m eftir fyrirhuguðum fjölda strengja. Heildarlengd leiðar sem tekin var út var um 18,1 km. Fyrirhuguð strengleið var öll samliggjandi, en skiptist í tvo áfanga:

1. Frá miðri Seleyri sunnan við Borgarfjarðarbrú til austurs að tengivirki á Vatnshömrum. Tekin var út um 10,6 km strengleið sem lá í gegnum Klausturtungur og lönd jarðanna Skógarkots, Grjóteyrar, Árdals, Innri- og Ytri-Skeljabrekku, Neðrihrepps, Ausu og Vatnshamra. Út frá meginstrengleiðinni lá einnig grein heim að sumarbústað á gamla bæjarstæði Árdals.
2. Frá tengivirki á Vatnshömrum til norðurs yfir Hvítá að vegi í landi Hvítárholts. Tekin var út strengleið sem lá í gegnum lönd jarðanna Vatnshamra, Ausu, Hvanneyrar, Bárustaða, Hvítárvalla, Ferjubakka og Hvítárholts. Strengleiðin var í upphafi um 6,9 km löng, en þar af var unnt að ganga um 4,8 km. Einnig var tekin út breyting á strengleiðinni í landi Bárustaða, Hvítárvalla og Ferjubakka, samtals um 2,7 km að lengd.

[1] Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Howell Roberts 1997.
[2] Magnús Á. Sigurgeirsson & Orri Vésteinsson 2000.
[3] Birna Lárusdóttir 2003.
[4] Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2009.
[5] Kristborg Þórsdóttir 2019.
[6] Kristjana Vilhjálmsdóttir 2025.
[7] Orri Vésteinsson 1996.



Staðsetning úttektarsvæðis í Borgarbyggð. Aðeins eru sýndir þeir hlutar svæðisins sem teknir voru út, ekki þeir sem ekki fékkst leyfi til að ganga. Kort byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun og Loftmyndum ehf.

Skráningin var að mestu unnin 28. maí 2026 en ekki fékkst þá leyfi landeiganda til að ganga fyrirhugaða strengleið í landi Bárustaða og Ferjubakka 1. Eftir að leyfi fékkst og strengleið hafði verið breytt var farið aftur á vettvang 15. október.

Gerð var stutt samantekt fyrir hvort svæði fyrir sig að vettvangsvinnu lokinni þar sem helstu niðurstöður voru dregnar saman og uppmælingum skilað. Gögnin voru send til verkkaupa og Minjastofnunar Íslands fljótlega eftir að skráningu lauk innan hvers svæðis og með þeim hætti var hægt að úrskurða um mótvægisaðgerðir og gera tillögur um tilfærslu þrátt fyrir að úrvinnslu væri ekki lokið.

Við skráningu var gengið skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Archer 4. Alls voru skráðar 21 fornleif á 17 minjastöðum. Um vettvangsvinnu sáu Brynja Árnadóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck, fornleifafræðingar. Kristjana sá einnig um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir

skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan deiliskráningarsvæðis. Minjaskránni fylgja upplýsingar um hverja jörð og kort af heimatúnum í þeim tilvikum þar sem fyrirhugaður jarðstrengur náði inn á tún. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, […] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna


> völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SÞ, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-100:001). Fyrir hverja fornleif (minjaeiningu) á minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: BO-100:001.02). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,


hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um…“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hætta og tímabundin hætta.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

IV. Fornleifaskrá

BO-132 Neðri-Hreppur

1707: 16 hdr, bændaeign. JÁM IV, 155.

1847: 16 hdr, bændaeign. JJ, 112.

Hrepps í Andakíl er getið í fornbréfi frá 1470 (DI V, 563) og öðru frá 1489 (DI VI, 688). Ekki er ljóst hvort átt er við Efri- eða Neðri-Hrepp og er líklegt að á þessum tíma hafi þetta verið ein stór jörð.

Engjaítak átti Neðri Hreppur „á flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá, framundan Innri Skeljabrekku og kallað er Neðra-hrepps engi.“ JÁM IV, 155, en það gekk til Efri-Hrepps fyrir allmörgum árum.

Hreppskot 004, afbýli 1867-86.

Landkostir

Túnakort 1920: 63.535 m2 = 19 2/3 dagsl. allt slétt. Garðar 1923 m2.

1707: „Torfrista og stúnga og reiðíngsrista er næg. Móskurður til eldiviðar þver so mjög, að nú er naumlega bjarglegt. Lax og silúngsveiðivon lítil í Andakílsá. […] Hætt er heyjum á engi þessu [Neðra-hrepps engi] fyrir sjáfarflæðum.“ JÁM IV, 155.


„Undirlendi er hér fremur flatt, eyrar með ánni, ofar að mestu mýrlendi og stöku melabungur, hlíðin aflíðandi að mestu, allgróin móa- og valllendisgróðri með holtum og bungum. Lax- og silungsveiði er dálítil í Andakílsá.“ BB II, 237

BO-132:032

Tvær tóftir 01 og 02 eru við norðausturenda Leynifitarholts, um 1,16 km norðvestan við bæ 001 og um 70 m suðvestan við Andakílsá.

Gróður er rýr á holtinu en fast norðan og austan við holtið er deig, víðáttumikil mýri.

Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 36x20 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Tóftirnar eru hlið við hlið, snúa báðar norðvestur-suðaustur og aðeins eru um 12 m á milli þeirra.




Minjasvæði 032.

BO-132:032.01 — tóft — stekkur A: 369282, N: 452724

Tóft 01 er fast NNA undir Leynifitarholti.

Tóftin er tvískipt, um 16x7 m að flatarmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Svo virðist sem hún hafi verið grafin inn í holtið til suðvesturs og sé að mestu hlaðin úr grjóti. Veggir eru 1,5-2 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Hleðslur eru signar og mjög illa farnar vegna hestabeitar svo ekki er skýrt hvar gengið hefur verið inn. Hólf I er um 6x3,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Líklegt er að gengið hafi verið inn að suðaustan. Hólf II er fast norðvestan við hólf I. Um 1,5 m breiður veggur aðskilur hólfin. Innanmál hólfs II er um 3,5x1,5 m og snýr það norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru þar mun greinilegri en í hólfi I en ekki er ljóst hvort gengt hefur verið milli hólfa. Telst það þó líklegt. Lögun og



Tóft 032.01, horft til SSV á ljósmynd.

staðsetning tóftar gefur til kynna að hér hafi líklega verið stekkur. Einnig er þó mögulegt að um lítið beitarhús sé að ræða.

Almennt hættumat: mikil hætta, vegna rasks

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda


BO-132:032.02 — tóft — rétt A: 369295, N: 452744

Tóft 02 er um 12 m NNA við tóft 01 í deigri, þýfðri mýri.

Tóftin er torfhlaðin, um 15x15 m að flatarmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru signir, um 2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Gengið var inn á suðvesturhlið til norðvesturs og inngangur er um 1,5 m á breidd. Tóftin er tekin að hlaupa í þúfur og mýrarpollur hefur myndast fast framan við inngang hennar. Innanmál tóftarinnar er um 11x7 m en botn hennar er hlaupinn í þúfur. Í norðurhorni tóftarinnar er óljóst ferkantað hólf sem er um 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru þó lítilfjörlegir, um 1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Ekki er ljóst hvar gengið hefur verið inn vegna þúfumyndunar. Líklega hefur verið hér einhverskonar rétt eða aðhald.

Almennt hættumat: mikil hætta, vegna rasks

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Tóft 032.01, horft til norðurs á ljósmynd.

BO-132:033

Illa rofin þúst er um 990 m norðvestan við Neðri-Hrepp 001 og um 30 m vestan við Borgarfjarðarbraut (nr. 50).


Þústin er í miðju á leirríku, gljúpu moldarflagi í þýfðri, framræstri mýri.

BO-132:033.01 — þúst — óþekkt A: 368875, N: 452124

Þústin er gróflega ferhyrnd, um 12x8 m að flatarmáli, er 0,4-0,6 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Meðfram henni á allar hliðar eru rofabörð og er hún hlaupin í þúfur. Hugsanlega er hægt að greina veggbrot meðfram suðvesturbrún þústarinnar. Veggurinn er um 5 m á lengd, 1,5 m á breidd og 0,5 m á hæð. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í sniði svo líklega hefur hann verið torfhlaðinn. Ekki er ljóst hvort þetta er suðvesturveggur tóftar sem hlaupin er í þúfur í þústinni eða hvort þetta er norðausturveggur tóftar sem er að stórum hluta horfin vegna rofs. Hlutverk er óljóst en hugsanlega gæti hafa verið hér heystæði eða beitarhús.

Almennt hættumat: mikil hætta, vegna rofs

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda



Þúst 033.01, horft til austurs á ljósmynd.

BO-149 Grjóteyri

1707: 5 hdr, bændaeign. JÁM IV, 174.

1847: 5 hdr, bændaeign. JJ, 112.

[1315]: Máldagi kirkju á Grjóteyri. DI II, 402-403.

[1358]: Máldagi kirkju á Grjóteyri. DI III, 126.

[1463]: Kirkja á Hvanneyri á „skogarpart [i grioteyrar skog].“ DI V, 409. Sbr. DI VI, 174.

[1706]: „Munnmæli höfð eftir þeim manni, sem hét Þórður Ásgeirson og sagðist hafa verið smali í Tungu, áður en Grjóteyri var upp aftur byggð, að þá hefði jarðarnafnið eigi verið almennilega brúkað, heldur hafi landið verið kallað Kóngsskógur, en engið Kóngsoddi.“ JÁM XIII, 506.

Grjóteyrartunga (BO-150) var sameinuð Grjóteyri 1906.

Skógarkot var eign Hvanneyrarkirkju (vestan við Grjóteyri - BO-163b) en var selt Grjóteyri 1966. Grjóteyri fylgdi einnig engjaítak fyrir innan Hvanneyrarland sem kallað var Kóngsoddi. Enginn búskapur síðan 1968 en notað til sumardvalar og fyrir hesta.

Landkostir

Túnakort 1918: 26.582 m2 = 8 dagsl - 1/2 þýft. Garðar 1149 m2.

1707: „Skógur til rafviðar, kolgjörðar og eldiviðar nægur, brúkast sjaldan til að bjarga peningi í heyskorti. Torfrista so vond, að heytorf þarf úti að kaupa. Rekavon mjög lítil. Heimræði má hjer valla kalla, þó skip fljó´ti að landi með háflæðum, en yfrið lángt í fiskileitir. […] Túninu granda grjótskriður úr á þeirri, sem fellur hjá bænum. Landþröng er ærin. Hætt er sauðfje fyrir sjáfarflæðum. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórviðrum.“ JÁM IV, 174-175.

Skv. byggingabréfi frá 1706 var ábúanda heimilt að: „brúka og versla af skógi sem með þarf, húsum og heyjum til viðhalds, item að selja sér til gagnsmuna þrjár tunnur kola á ári og einar raftaklyfjar.“ JÁM XIII, 506.

„Vestan Grjóteyrarár hækkar land með fjallinu, og verður þar breiður malarhjalli, Grjóteyrarhæðir, allbrattur niður að firðinum. Eru þar melar og valllendisteygingar og skógarkjarr norðan þjóðvegar í brekkunum niður að firði. Hafa brekkurnar nú verið girtar af að nokkru og land friðað [...] Veiðiréttur er í Andakílsá.“ BB II, 179.

BO-149:014

Tóft er inni í afgirtu hólfi, rúmum 100 m ofan (suðaustan) við sumarbústað sem er vestan Grjóteyrarár og um 250 m suðvestur af Grjóteyri 001. Þetta er 40 m neðan (norðan) við Borgarfjarðarbraut. Staðurinn var fyrst skráður árið 2003 en var heimsóttur aftur árið 2026 og var lýsing þá endurskoðuð.


Fremur grösugt og þýft er á svæðinu en þó er greinilega skammt niður á mel, einkum þegar ofar dregur og nær þjóðvegi. Ekkert aðhald er á staðnum frá náttúrunnar hendi. Nokkrar trjáplöntur vaxa á svæðinu – víðir, birki og fura – en það tré sem næst er tóftinni er tæpum 10 m sunnan við hana.

BO-149:014.01 — tóft — óþekkt A: 364352, N: 450361

Tóftin virðist ekki gömul, töluverð grænka er í veggjum hennar og umhverfis hana. Hún er fjórskipt, um 22,5 x 15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Syðst er hólf með dyrum á norðvesturvegg og með veglegum veggjum, rúmlega 1 m þykkum og 70 cm háum. Að innanmáli er tóftin um 8 x 1,5 m að stærð (norðvestur-suðaustur) en óljósar hleðslur gægjast undan tóftinni að suðaustan og virðast afmarka annað hólf, um 3 x 1 m að stærð (norðaustur-suðvestur). Hugsanlega er hér um að ræða leifar af eldra mannvirki. Alls er tóftin um 13,5 x 8,5 m að utanmáli. Í framhaldi af þessari tóft til norðvesturs eru tvö samhliða hólf með lágum hleðslum umhverfis, 20-40 cm, líkust kálgörðum. Hvort hólf um sig er um 7 x 5 m að innanmáli (norðvestur-suðaustur). Á milliveggnum sem aðskilur hólfin vottar óljóst fyrir opi suðaustast, framan við dyrnar á tóftinni sem áður var lýst. Hvergi sér í grjót í veggjum.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda



Tóft 014.01, horft til austurs á ljósmynd.

BO-151 Árdalur

1707: 16 hdr, bændaeign. JÁM IV, 175.

1847: 16 hdr, bændaeign. JJ, 113.

Árdalur var seldur Innri-Skeljabrekkubónda 1959 og er jörðin nýtt þaðan síðan.

Landkostir

Túnakort 1918: 45.368 m2 = 14 dagsláttur, 1/3 þýft. Garðar 616 m2.

1707: „Skógur hefur hjer áður verið, en nú nær eyddur, brúkast þó til kolgjörðar og eldiviðar. Torfrista lök. Mótak til eldiviðar valla nýtandi. Túninu grjandar grjót úr á þeirri, sem fyrir sunnan bæinn fellur. Hætt við stórviðrum […]. Hætt er kvikfje fyrir klettum um sumar. Landþröng mikil, því að nautpeningum nær ekki selhögum, sem jörðin á á fjalli, síðan götuklif, sem hjer var í klettum er af fallið og nú lítt fært manni.“ JÁM IV, 176.

„Suðaustur úr dalbotninum [Bæjardals], gengur dalur sunnan Brekkufjalls, og var þar helsta beitiland jarðarinnar. Votlendi er með Andakílsá og firðinum, en holt og móar nær fjallinu [...] Hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Kitufirði. Ytri Skeljabrekka átti upprekstur í Hrossskinnsdal ofan Brekkufjalls.“ BB II, 171.



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Árdals BO-151 frá árinu 1918, skráðar minjar og fyrirhugaða strengleið.

BO-151:013

Á túnakorti frá 1918 er gata merkt til vesturs frá bæ 001. Ekki er sýnt á kortinu hver leiðin lá en á loftmynd bandaríska hersins frá 1946 sést hún óljóst breyta stefnu til NNV og ligja meðfram túnjaðri að leið BO-661:001.

Tún Árdals eru slétt og í rækt. Bærinn hefur verið fluttur tæpa 300 m til norðurs en sumarbústaður stendur á gamla bæjarstæðinu. Malarvegur liggur að bústaðnum meðfram vesturjaðri túns á svipuðum slóðum og eldri leið lá áður. Vestan vegarins rennur Árdalsá.

Heimildir: Túnakort 1928; AMS 38_10001_016

BO-151:013.01 — heimild — leið A: 365501, N: 450337

Ekki sjást merki um gömlu leiðina á yfirborði og hefur gatan horfið undir yngri veg.

Almennt hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-151:014

Torfhlaðið garðlag og skurður eru um 1,9 km suðvestan húsa á Ytri-Skeljabrekku og um 34 m norðan Borgarfjarðarbrautar.

Minjarnar eru í smáþýfðu deiglendi.

BO-151:014.01 — garðlag — áveita A: 366283, N: 450823

Garðlagið er um 78 m á lengd og liggur í austur-vestur. Það er aðeins um 0,4 m á hæð



Garðlag og skurður 014.01, horft til VNV á ljósmynd.

og mjög hlaupið í þúfur auk þess að vera rofið á ýmsum stöðum. Suðurhlið garðlagsins er flatari en norðurhliðin og er einnig meiri bleyta þeim megin. Í framhaldi af vesturenda garðlagsins er grunn rás eða skurður sem liggur í sveig um 82 m til norðurs að bökkum Andakílsár. Garðlagið er líklega hluti af áveitukerfi.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-152 Ytri Skeljabrekka

1707: 16 hdr, bændaeign. JÁM IV, 176.

1847: 12 hdr, bændaeign. JJ, 113.

Í mörgum elstu heimildum er aðeins nefnd Skeljabrekka og er ekki ljóst hvort Ytri Skeljabrekka eða Innri Skeljabrekka BO-153 er eldri.

Skv. Landnámu keypti Þorbjörn svarti land frá Seleyri og upp til Forsár (Andakílsár) og bjó á Skeljabrekku. ÍF I, 71.

Skv. Fóstbræðra sögu bjó síðan Jöður Klængsson á Skeljabrekku, sá er vó Hávar föður Þorgeirs. ÍF VI, 126-29, 132.

[um 1463-1470]: Máldagi Varmalækjarkirkju. „lagdi þorlakur þorkelsson til kirkiunnar þar eingi er kallad er breidafit er liggur j skeliabrecku jordu.“ DI V, 401.

[1491-1518]: Máldagi Hafnarkirkju. „jtem vc eingi j andak]ijl er sira snorre j stafhollti [gaf halfkirkiunne. þad er liggur fyrer] nedan ytri skelia [breckv oc kallad er landvarnarnes].“ DI VII, 60. Sbr. DI VIII, 326.

1549-1550: Fógetareikningar „Jtem med Hamere […] j landskyldt 2 kior then ene til Skellebreche […]. Jtem med Öluastedum [...] oc 2 for med lamb then ene til Skellebrecke [...].“ DI XII, 148.

Lóðarspilda, við lendingu hjá Skipalæk, var seld undan jörðinni 1908 og er nú eign Borgarfjarðar- og Mýrasýslna. BB, 207

Landkostir

Túnakort 1918: 41.582 m2 = 13 dagsl. Allt slétt.

1707: „Torfrista og stúnga slæm. Móskurður til eldiviðar, sem jörðin sókti í annað land fyrir engjatak, er þrotinn, og þarf nú allan eldivið úti að kaupa. Rekavon má hjer öngva telja. Heimræði má hér ekki telja, þó fljóta kynni skip að landi með stærstum flæðum. Lækjarskriða spillir túninu, og þó ekki að nýjúngu, til stórskaða.“ JÁM IV, 117.

„Neðan bæjarins eru flæðiengjar með Andakílsá. Áttu þar ýmsar jarðir engjaítök, svo sem Höfn í Melasveit. Utarlega í landinu er svonefndur Skipalækur, þangað var oft komið flutningi með bátum, eftir að verslun hófst í Borgarnesi [...] Fjallið ofan bæjarins er dálítið gróið efra í lautum og dældum, en jörðin átti upprekstrarítak í Hrossskinnsdal í Árdalslandi, ofan Brekkufjalls.“ BB, 207

BO-152:007 *Skipalækur*

„Innan við [Stóruskriðu] er gamalt skipsuppsátur nefnt Skipalækur. Þangað voru oft fluttar vörur úr Borgarnesi og lengra að, m.a. í tíð Sigurðar Þórðarsonar í Árdal," segir í örnefnaskrá. Skipalækur er um 1,1 km suðvestan íbúðarhúsa á Ytri Skeljabrekku og um 26 m norðvestan Borgarfjarðarbrautar.

Lækurinn rennur um grasi vaxið svæði meðfram strandlínu Borgarfjarðar.

Heimildir: Ö-Ytri Skeljabrekka, 1



Skipalækur 007, horft til norðvesturs.

BO-152:007.01 *Skipalækur* — heimild — uppsátur A: 367099, N: 451016

Skipalækur er smá lækjarspræna sem rennur úr suðvestri undir Borgarfjarðarbraut og þaðan til norðausturs í Borgarfjörðinn. Lækjarfarvegurinn er grýttur og eru engar leifar uppsátursins greinanlegar.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-152:015

Landamerki Ytri-Skeljabrekku 1922, á móti Innri-Skeljabrekku BO-153: Frá vörðu 014 niðri á brúninni „liggja merkin í beinni línu í Merkjaþúfu Neðantil við túnið; frá þeirri þúfu ræður skurður alla leið í leirstokk […]." Núverandi landamerkjaskurður skilur milli Innri- og Ytri-Skeljabrekku og er hann fast norðan Borgarfjarðarbrautar (nr. 50) um 200 m norðvestan við Innri-Skeljabrekku BO-153 og um 215 m norðan við Ytri-Skeljabrekku BO-152.

Skurðurinn er um 350 m langur og 2-3 m breiður ræsisskurður í framræstri, flatlendri mýri. Bakkar hans eru grasigrónir og sóleyjar hafa komið sér vel fyrir í botni hans sem er 0,4 m á dýpt. Uppmokstur úr skurðinum er meðfram austurbakka og er hann hlaupinn í þúfur.

Heimildir: 1923-1993 - Mýra- og Borgarfjarðarsýsla landamerkjabók, 22

BO-152:015.01 — heimild — landamerki A: 368062, N: 451740

Ekki sjást merki um eldri landamerkjaskurð. Mjög líklegt er að hinn upprunalegi landamerkjaskurður hafi verið vélgrafinn á 20. öld.


Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-152:016

Tóft er um 1,3 km suðvestan húsa á Ytri-Skeljabrekku og um 85 m NNV Borgarfjarðarbrautar.

Tóftin er í sléttu og grónu túni á milli ósa Andakíls og vegarins. Bakki árinnar er um 12 m norðan tóftarinnar en um 20 m til suðausturs er stór niðurgröftur og er ýmist járnrusl í honum.



Tóft 016.01, horft til SSA á ljósmynd.

BO-152:016.01 — tóft — óþekkt A: 366879, N: 450981

Tóftin er ferhyrnd, um 9 x 7 m á stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Hún er grasigróin og eru veggir tóftarinnar um 0,4 m á hæð. Veggirnir eru torf- og grjóthlaðnir og sést mosagróið grjót í veggjum. Ekki er þó hægt að telja umför vegna góðurs og veggjahruns. Innri mörk tóftarinnar eru einnig óskýr vegna hruns og er nokkuð um steina innan hennar. Mögulegt op er á tóftinni á norðausturhlið en það gæti einnig verið rof. Fast vestan tóftarinnar er merktur ljósleiðari og hefur hann mögulega valdið raski á tóftinni. Hlutverk tóftar er óþekkt en gæti verið fjárhús.

Almennt hættumat: hætta, vegna landbrots

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-169 Hvítárvellir

1707: 60 hdr, bændaeign. Var 40 hdr fyrir 1683. JÁM IV, 184.

1847: 50 hdr, bændaeign. JJ, 114.

05.09.1444: Skúli Loptsson selur Hallsteini Höskuldssyni jörðina Þingnes í Borgarfirði fyrir 60 hdr. „kynni þingnes ath ganga af med logum þa skylldi skuli eiga bíjasker eppter sinv kaupi enn hallzsteinn huitarvollu j huanneyrar kirkiusokn […].“ DI IV, 658-659.

03.04.1508: Vitnisburðarbréf um að Ingvildr Helgadóttir hafi skilið sér aðra jörð jafngóða eða þá peninga sem henni líkaði á móti Hvítárbakka í Borgarfirði sem hún fékk Einari Björnssyni. DI VIII, 201-202.

14.04.1519: Jón Hallsson lætur í umboði Guðlaugar Jónsdóttur Ögmund ábóta í Skálholti fá Hvítárvelli og fleiri jarðir. DI VIII, 680-681.

[1541]: Hvítárvellir eru nefndir í skrá um jarðir sem Ögmundur biskup átti og teknar voru án dóms og laga undir kóngsvaldið. DI X, 680.

1548-1549: Fógetareikningar. „Jtem Wöllom iiij legekiör.“ DI XII, 132.

1549-1550: Fógetareikningar. „Jtem med Wöllom iij kiör en roess […].“ DI XII, 148.

1550: Fógetareikningar. „Jtem mett Wöllom iij kiör en roes […].“ DI XII, 168.

1552: Fógetareikningar. „Jtem mett Huijtheruelum ij kör. ix faar.“ DI XII, 393.

27.09.1563: Jarðaskiptabréf hirðstjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól. „Hier j mot hefe eg skickad oc tillagt Domkirkiunne j Skalhollte þessar Krununnar og Videyjar klaustursjarder […] Hvitarvelle fyrer xl c.“ DI XIV, 155-157.

Jörðin var eign Skálholtsstóls til 1683 en komst þá í bændaeign. Þá var Heggstaðanes keypt og lagt til jarðarinnar. JÁM IV, 184.

Hjáleigurnar Suðurkot, Norðurkot/Búðarhöfði og Vallnasel hafa verið lagðar undir heimajörðina aftur. Mjólkurskóli starfræktur 1904-18. BB II, 191.

Landkostir

Túnakort 1920: 71.224 m2 = 22 1/3 dagsl. Allt slétt. Garðar 285 m2.

1707: „Torfrista og stúnga næg. Reiðingsrista nýtandi. Móskurður til eldiviðar bjargligur. Engjunum grandar Hvítá með grjótburði og landbroti.“ JÁM IV, 185.

„Klapparásar eru austast og vestast í landinu. Er bærinn nyrst í þeim vestri og hálf umluktur. Annars er þar ríkjandi mýrlendi, góðar flæðiengjar eru með Hvítá, en þurrlendisbakkar víða með Grímsá. Laxveiði er mikil í ánum og sandnám við Hvítá.“ BB II, 191.

BO-169:039

Umfangsmikil þúst er í vestanverðum suðvesturenda Langholts um 3 km suðvestan við bæinn á Hvítárvöllum BO-169:001.

Þústin er í rótum holtsins en þýfð, víðáttumikil flatlend mýri er til suðurs og vesturs.



Þúst 039.01, horft til VNV á ljósmynd.

BO-169:039.01 — þúst — óþekkt A: 368649, N: 456300

Þústin er stórþýfð og niðurtroðin, um 20x10 m að flatarmáli, 0,5-1,5 m á hæð og snýr NNA-SSV. Í miðri þústinni er skýr en þýfð, gróflega ferhyrnd dæld sem er um 5x5 m að innanmáli. Dýpt hennar er 0,3-0,6 m. Þústin hallar örlítið til ANA. Fast ofan og austan við hana er flatur, grasgrænn pallur (6x4 m). Hugsanlega hefur verið hér heystæði.

Almennt hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: engin hætta

BO-169:040

Áberandi varða er efst á Handklæðisholti um 95 m NNA við þúst BO-169:039 og um 28 m austan og ofan við leið BO-661:028.

Handklæðisholt er 3-4 m hátt klettaholt sem rís uppúr flatlendri mýrinni.

BO-169:040.01 — varða — samgöngubót A: 368708, N: 456378

Varðan er torfhlaðin og strýtulaga, um 2,5x1,5 m að flatarmáli og um 0,5 m á hæð. Varðan sést að langar leiðir efst á holtinu og hugsanlega gæti verið hér um samgöngubót að ræða. Ekki er þó útilokað að um sé að ræða náttúrulega fuglaþúfu sem fengið hefur að safnast upp náttúrulega yfir langan tíma.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta



Varða 040.01, horft til suðvesturs.

BO-169:041

Óljós tóft er í suðvesturenda Hellraholts, um 2,85 km suðvestan við bæ 001 og um 30 m suðaustan við Hvítá.

Tóftin er í þýfðu mólendi fast suðvestan undir grýttu holtinu sem er 1-2 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur samsíða Hvítárbökkum. Mólendið er aðeins 0,5-1 m hærra en yfirborð mýrarinnar sem umlykur holtið til suðvesturs, suðurs og suðausturs.



Tóft 041.01, horft til suðausturs á ljósmynd.

BO-169:041.01 — tóft — óþekkt A: 368406, N: 456624

Tóftin virðist einföld, um 9 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr NNV-SSA. Innanmál

virðist vera um 5x3 m og gróflega ferhyrnt en ekki er hægt að greina neinn skýran inngang. Húsið hefur þó líklega verið grafið að hluta inn í bakkann til NNV og gengið inn að SSA. Tóftin er nokkuð grasgræn og slétt í botninn en tekin að hlaupa nokkuð í þúfur. Tóftin er almennt 0,3-0,6 m á dýpt að innan en að NNV er bakkinn 1-1,2 m á hæð. Ekki er hægt að greina skýra hlaðna veggi nema að ANA þar sem hugsanlegar vegghleðslur eru 0,4-0,6 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Hleðslur eru signar og ekki er ólíklegt að tóft sé rofin í VSV enda. Hlutverk er óþekkt en staðsetning hennar gæti gefið til kynna að hér sé hugsanlega gamalt beitarhús eða bátanaust.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Skorradalshreppi

BO-651:022

Leið er sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 og lá af leið 006 til norðvesturs, yfir leiðir 013 og 007 að Andakílsá á móts við Ausu BO-161 í Andakílshreppi. Hún var víðast á sama stað og Mófellsstaðavegur 508 í landi Neðrihrepps og Efrihrepps. Leiðin var fyrst skráð 2018 en var athuguð aftur 2022 og var þá engu við fyrri lýsingu að bæta. Leiðin var skráð á ný 2026 í landi Neðri-Hrepps BO-132 og sjást þar leifar af leiðinni um 940 m norðvestan við bæ BO-132:001 og um 130 m norðaustan við mót Mófellsstaðavegar (nr. 507) og Borgarfjarðarbrautar (nr. 50). Þessi hluti leiðarinnar lá á milli Neðri-Hrepps og Ausu norðan Andakílsár, um Skakkavað BO-132:026.

Leiðin lá að mestu leyti um mýrlent láglendi.


Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:022.01 — gata — leið A: 368971, N: 452188

Heildarlengd leiðarinnar var um 3,1 km. Engin ummerki sjást víðast um þessa leið vegna vegagerðar, túnaræktunar og annars rasks. Heybandsleið BO-132:018 var á sömu eða svipuðum slóðum í landi Neðri-Hrepps. Norðarlega í landi Neðri-Hrepps má greina leifar af götu meðfram Mófellsstaðavegi á um 630 m löngum kafla norðvestur-suðaustur. Leiðin er á þessu svæði að mestu einföld gata sem er 0,5-1,5 m breið og 0,2-0,5 m djúp og sést ágætlega á loftmynd.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda



Leið 022.01, horft til ASA.

BO-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Andakílshreppi

BO-661:001

Á Herforingjaráðskorti 36 NV og 26 NA frá 1911 sést að leið lá um vestanverðan Andakílshrepp og lá leiðin víðast á svipuðum stað og þjóðvegur Borgarfjarðarbraut 50 liggur. Austan við Innri-Skeljabrekku BO-153 greinist leiðin og þaðan taka við leiðir 651:007 og 651:013 í Skorradalshreppi sem liggja annars vegar upp á Hestháls og yfir til Lundarreykjadals og hins vegar til austurs sunnan við Andakílsá. Gatan er sýnd liggja frá Höfn (BO-104) í norður inn með Borgarfirði og yfir hreppamörk, framhjá Grjóteyri (BO-149), Árdal (BO-151), Innri-Skeljabrekku (BO-153), Neðri-Hreppi (BO-132), Syðstu-Fossum (BO-154) og endar nærri Hesthálsi í landi Hests (BO-158). Árið 2021 var leiðin athuguð á Fossamelum í landi Fossa og í landi Grjóteyrar ofan við námu á Grjóteyrarhæðum. Hún var aftur athuguð á vettvangi árið 2026 í landi Grjóteyrar, Árdals og Ytri-Skeljabrekku (vestan Torfdals).

Leiðin lá yfir fjölbreytt landslag, meli, móa, mýri og ræktað land, að hluta á sömu slóðum og núverandi vegir.

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV, 26 NA

BO-661:001.01 — vegur — leið A: 365188, N: 450458

Ekki sáust merki um gamlar götur á þeim svæðum sem athuguð voru á vettvangi árið 2021 en sunnan við námu á Grjóteyrarmelum og meðfram austurhlið námu á Fossamelum liggja vegarslóðar á svipuðum slóðum og gamla leiðin. Nærri merkjum Grjóteyrar og Árdals sést gróinn ruddur vegur á um 237 m löngum kafla en hverfur um 30 m vestan við Árdalsá. Vegurinn er um 3 m breiður og 10-20 cm djúpur, gróinn mosa og lyngi. Austan Árdalsár er gamla leiðin horfin í tún Árdals, en þegar framhjá bænum er komið og áfram inn í land Ytri-Skeljabrekkur liggur Borgarfjarðarbraut á sömu slóðum og gatan lá áður.



Leið 001.01, horft til ANA.

Almennt hættumat: hætta, vegna efnistöku

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-661:004

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur frá Ausu (BO-161) í norðaustur að Vatnshömrum (BO-160). Þessi leið tengist leið 003 sem lá frá Ausu að Hvanneyri og leið 007 við Vatnshamra. Leiðin var skoðuð að mjög litlu leyti í landi Vatnshamra haustið 2022, þar sem hún sameinast leið 007 suðaustan við heimatún jarðarinnar. Árið 2026 var leiðin aftur athuguð, þá í landi Ausu, suðvestan undir Geitarholti.

Leiðin lá um mólendi, mela og mýrarsund.

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-661:004.01 — heimild — leið A: 369214, N: 453697

Ekki sáust skýr ummerki um leiðina þar sem hún var skoðuð 2022 og 2026.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-661:014

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1911, liggur frá Staðarhóli (BO-166) í norðvestur framhjá Grímastöðum (BO-168) að leið 012 norðvestur við Hvítárvelli (BO-169). Leiðin var athuguð á vettvangi í landi Hvanneyrar BO-163 við gatnamót Grímarsstaðavegs og Melabrautar.

Leiðin lá um melholt, mólendi og mýrarsund. Melabraut og Grímarsstaðavegur liggja á sömu slóðum og gamla leiðin og hafa tún verið ræktuð meðfram veginum á köflum.

Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-661:014.01 — heimild — leið A: 368752, N: 455103

Ekki sáust merki um eldri leið þar sem gatan var athuguð árið 2026.

Almennt hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

BO-661:028

Skýr leið er meðfram vestanverðu Langholti í landi Hvítárvalla um 2,95 km suðvestur af bæ BO-169:001.

Leiðin liggur um grýttan mel og grasi- og mosagróinn móa í rótum holtsins. Til vesturs er víðáttumikil, þýfð og flatlend mýri.

BO-661:028.01 — gata — leið A: 368808, N: 456607

Meðfram holtinu er um 6 m breitt svæði þar sem hægt er að greina margar, samsíða götur sem liggja NNA-SSV. Þó virðast aðeins 1-2 götur vera mest notaðar og skýrastar á svæðinu í dag (2026). Göturnar eru um 0,4 m á breidd og 0,2-0,4 m á dýpt. Líklega hefur verið hér leið milli Hvítárvalla og Staðarhóls og/eða gata frá Hvítárvöllum í tóft BO-169:039.



Leið 022.01, horft til SSV.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

MH-101 Ferjubakki

1709: 40 hdr. með Ferjukoti. Fjórðungur konungseign. „Þrír fjórðungar þessarar jarðar eru til uppheldis og undirholdníngar lagðir prestinum, sem þjenar Borgar og Álftanesskirkna sóknum; hefur hann og öll byggíngarráð yfir þessum þrem fjórðúngum jarðarinnar.“ JÁM IV, 360.

1847: 32,5 hdr. Fjórðungur bændaeign. og þrír fjórðungar Borgaraþ.pr. lénsj. „Sýslumaður telur prests - hlutann 25 h. en bænda - hlutann í jörðu þessari 10 h. að dýrleika.“ JJ, 128.

1873: 35 hdr. SSMB, 84, 111.

Í Heiðarvígssögu er fjallað um atvik eitt er átti sér stað milli landeiganda Ferjubakka og nágrannabæjar. Bóndinn á Ferjubakka hefur lent í deilu við nágranna sinn vegna hrossabeitar. ÍF VII, 208-209.

Ferjubakki er nefndur í Sturlungasögu en Þórður Sighvatsson kakali ríður að Ferjubakka með allt sitt lið, en hann hafði safnað um tólfhundruð manna lið til hernaðar. Sturl II, 441-442.

[Um 1100]: „Tanne ok Hallfriþr þau logþu helming Bakka lands til sælu bus þess er þar er.“ DI I, 167-169.

Hálfkirkja var á jörðinni, lögð niður á 16. öld. JÁM IV, 360; SSMB, 93.

„Jarðir í Borgarhreppi, næst suður frá Eskiholti, efstar með Hvítá af jörðum í þessum hreppi; þetta eru tvær jarðir með sameiginlegt útland, enda er Ferjukot [MH-100] byggt úr landi Ferjubakka. Var byggt þaðan um 1679 til þess að hafa ferju þá, sem verið hafði á Ferjubakka.“ Ö-Ferjubakki og Ferjukot, 1.

Landkostir

Túnakort 1918: Norðurbær: tún 3.1 ha, slétt 4/5, garðar 757 fm. Miðbær: tún 3.2 ha, allt slétt, garðar 486 fm. Tún Sig Félsteds: tún 0.7 ha, allt slétt, garður 324 fm.

1709: „Afrétt ut supra [á Langavatnsdal í Réttarmúla]. Torfrista og stúnga næg og reiðníngsrista bjargleg. Móskurður til eldviðar nægur. Selveiðivon í Hvítá hefur áður verið, en ekki brúkuð í nokkur ár; meinast þó gagnvæn, ef iðkuð væri. Engjunum er ekki óhætt fyrir vatnsflóðum af Hvítá, Norðurá, Gljúfurá, Galtarholtslæk og Skarðslæk; en sjaldan verður stór skaði að því. Hætt er kvikfje mjög fyrir fenum og foröðum, og stórviðrum á vetrardag, og er þetta talinn stór ókostur jarðarinnar og oft orðið skaði að. Kirkjuvegur lángur að Borg og torsóktur fyrir foröðum. Hreppamannaflutníngur mjög torsóktur yfir fen og foröð, sem jafnlega þarf að brúa. […] Almenníngsferja hefur hjer [MH-100] verið yfir Hvítá, og þar fyrir heima á jörðunni Ferjubakka um lágan aldur.“ JÁM IV, 361-362.

Í sýslu og sóknarlýsingum segir „Ferjubakki með hjáleigunni Ferjukoti, […] stendur hvörttveggja á bakkanum norðvestanvert við Hvítá (að Hvítá skilur svovel Suður- og Vesturömtin eður fjórðungana sem Mýra og Borgarfjarðar sýslur hvörja frá annari mun flestum Íslendingum kunnugt). Á báðum þessum jörðum eru landkostir sæmilega góðir, þó útigangur á vetrum þyki nokkuð léttur fyrir fé og heyrskapur yfirgnæfanlegur svo að í allri Mýrasýslu er ekki jafngóð heyskaparjörð til, utan ef til vill Sólheimatunga. Ögna sérlega ókosti hafa þær heldur né liggja undir áföllum, nema ef telja skal að þar er vatnsflóðgjarnt á landeignina úr Borgarfjarðaránum [..] aftur á móti eykur mikið frjósemi og grasvöxt engjanna. […] Tún hefir batnað. Bæjarleið þaðan í vestur út suður á hæð nær því niður við Gufuá.“ SSMB, 84-85, 111.


„Jörðin [Ferjubakki I / Trana] á laxalagnir í Hvítá og að auki hlutdeild í veiði í Norðurá og Gljúfurá í eign sína í torfunni. […] Land Ferjubakkartorfunnar [Ferjubakki II / Miðbær] er stórt. Í nyrsta hluta þess er Ferjubakkaflóinn, víðáttumikið, slétt og flatt starengjasvæði. Í vatnavöxtum flæa Norðurá og Gljúfurá upp á flóann. […] Ferjubakkaflói var áður nytjaður til slægna og þótti gott engi, var oft sóttur þangað heyskapur af nærliggjandi jörðum. Flóanum er skipt milli Ferjubakkabæjanna, og á þar hver jörð sína afmörkuðu spildu. […] Ferjubakki II á netaveiði í Hvítá og auk þess hlut í veiði í Norðurá og Gljúfurá,“ segir í BB III, 194.

MH-101:032

Kerfi af garðlögum, líklega áveitugörðum er um 300 m norðan við norðurbæ Ferjubakka 001 og 190 m sunnan við útihús 033.

Garðlögin liggja gegnum flóðengjar. Svæðið er smáþýft og mýrlent, en fast vestan við nyrsta hluta svæðisins er hálfgróinn klettur.

Á minjastaðnum hafa verið skráð fjögur garðlög og ná þau yfir svæði sem er alls um 270 x 240 m að stærð (austur-vestur).



Minjasvæði 032.

MH-101:032.01 — garðlag — áveita A: 367887, N: 457340



Garðlag 032.01, horft til norðausturs.

Garðlag 01 er nyrst á minjasvæðinu. Garðlagið er torfhlaðið og liggur nálega norður-suður. Árið 2025 var nyrsta hluta þess fylgt á vettvangi á um 50 m löngum kafla. Garðurinn hverfur þá á um 38 m kafla, en á loftmyndum sést garðlagið síðan liggja um 126 m lengra til suðurs. Garðurinn er 0,5 m á hæð og 0,8-1,2 m breiður. Staðurinn var heimsóttur aftur árið 2026 og var syðsti hluti garðlagsins tekinn út á 28 m löngum kafla. Þar er hann rofinn af mýrarlænu en heldur áfram til norðurs handan hennar. Syðsti hluti garðlagsins er hlaupinn í þúfur og vel gróinn. Þar er garðlagið um 0,4 m á hæð og álíka breitt og norðurhlutinn.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-101:032.02 — garðlag — áveita A: 368020, N: 457164

Garðlag 02 er um 155 m austan syðsta enda garðlags 01.

Garðlagið liggur í norður-suður og er um 26 m á lengd og 1 m á breidd. Það er fremur lágt, um 0,3 m á hæð, og vel gróið svo það rennur saman við umhverfi sitt. Á loftmyndum virðist það liggja um 86 m lengra til norðurs en það var ógreinilegt á vettvangi.



Garðlag 032.02, horft til SSV.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

MH-101:032.03 — garðlag — áveita A: 367777, N: 457194

Garðlag 03 er um 95 m norðvestan syðsta hluta garðlags 01.

Garðlagið snýr í norðaustur-suðvestur og er um 97 m á lengd og 1 m á breidd. Það er um 0,2 m á hæð, gróið og þýft, og fellur því vel inn í umhverfið.



Garðlag 032.03, horft til norðausturs.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: engin hætta


MH-101:032.04 — garðlag — áveita A: 368006, N: 457183

Bogadregið garðlag 04 er um 90 m austan við garðlag 01 og liggur að garðlagi 02.

Garðlagið er torfhlaðið, um 105 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Það liggur að mestu norðaustur-suðvestur en í norðausturenda liggur það í boga til norðurs um 25 m þar sem það liggur upp að garðlagi 02. Miðja garðlagsins er niðurtroðin og er það slitið hér og þar. Hugsanlega er hér um að ræða áveitugarð eða gamla hleðslu undir girðingu.

Almennt hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda



Garðlag 032.04, horft til suðvesturs.

V. Niðurstöður og umræða


Alls voru skráðar 21 fornleif á 17 minjastöðum innan úttektarsvæðanna, 11 þeirra innan svæðis 1 en 10 innan svæðis 2. Fornleifar voru almennt aðeins skráðar ef þær eða helgunarsvæði þeirra var innan úttektarsvæðis og voru línulegar fornleifar, s.s. leiðir, því eingöngu raktar að hluta.

Úttektarsvæðin tvö í Borgarbyggð voru samtals um 18,1 km að lengd og lágu gegnum land 14 lögbýla, í alls fjórum hreppum.[8] Að auki voru skráðar fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð innan tveggja hreppanna (sjá töflu 1).

Tafla 1: Fjöldi skráðra fornleifa eftir jörðum.

Númer jarðar	Heiti jarðar	Svæði	Fjöldi skráðra fornleifa
BO-104	Höfn (Klausturtungur)	1	0
BO-132	Neðri-Hreppur	1	3
BO-149	Grjóteyri	1	1
BO-151	Árdalur	1	2
BO-152	Ytri-Skeljabrekka	1	3
BO-153	Innri-Skeljabrekka	1	0
BO-160	Vatnshamrar	1 & 2	0
BO-161	Ausa	1 & 2	0
BO-163	Hvanneyri	2	0
BO-163b	Skógarkot	1	0
BO-167	Bárustaðir	2	0
BO-169	Hvítárvellir	2	3
BO-641	Fornleifar á fleiri en einni jörð í Leirár- og Melahreppi	1	0
BO-651	Fornleifar á fleiri en einni jörð í Skorradalshreppi	1	1
BO-661	Fornleifar á fleiri en einni jörð í Andakílshreppi	1 & 2	4
MH-101	Ferjubakki	2	4
MH-102	Ölvaldsstaðir (Hvítárholt)	2	0
MH-651	Fornleifar á fleiri en einni jörð í Borgarhreppi	2	0

8 Miðað við jarða- og hreppaskiptingu eins og hún var í Jarðatali Johnsens 1847. Klausturtungur tilheyrðu áður Höfn í Leirár- og Melahreppi (nú Hvalfjarðarsveit), en eru nú innan marka Borgarbyggðar.



Graf 1: Skipting minja í flokka eftir einkennum.

Úttektarsvæðin voru að mestu í úthögum jarðanna, en náðu þó inn á heimatún einnar jarðar, Árdals í Andakíl. Að stórum hluta voru svæðin nærri byggð og meðfram þeim þjóðvegum sem nú eru í notkun. Skipta má skráðum fornleifum í sex flokka til að draga fram helstu einkenni þeirra: Um ákveðinn hluta minjanna gildir að ekkert er vitað með vissu um hvaða hlutverki þær gegndu og á það við um 24% af fornleifunum sem skráðar voru. Stærsti flokkurinn (33%) voru samgönguminjar en í þann flokk féllu sex leiðir og ein varða. Fimm fornleifar (24%) töldust til ræktunarminja og voru þær allar leifar áveitna. Tvær fornleifar (10%) voru skráðar sem tengdust búfjárhaldi, stekkur og rétt. Ein fornleif, landamerkjaskurður, féll í flokk kennimarkaminja en einnig var ein fornleif tengd verslun- og viðskiptum og var það skipsuppsátur þangað sem vörur úr Borgarnesi voru fluttar.

Yfirborðsummerki fundust um meirihluta fornleifanna eða um 76%. Fimm fornleifar voru horfnar af yfirborði og var það vegna nútíma vegagerðar og rasks í þeim tilvikum þar sem ástæða var ljós. Yfirlit um skráðar minjar og ástand þeirra má sjá í töflum 2 og 3 í næstu köflum.

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum stafaði vegna framkvæmda (tímabundin hætta) og sú hætta sem að minjunum stafaði almennt, ef ekki kæmi til framkvæmda. Ef litið er til langvarandi hættu voru þrjár fornleifar metnar í mikilli hættu. Þær voru allar í landi Neðri-Hrepps og voru tvær þeirra metnar í hættu vegna rasks, (BO-132:032.01og BO-132:032.02) en ein vegna rofs (BO-132:033.01). Fimm fornleifar

voru metnar í hættu, tvær vegna ábúðar (BO-151:013.01 og BO-169:039.01), ein vegna landbrots (BO-152:016.01), ein vegna efnistöku (BO-661:001.01) og ein vegna vegagerðar (BO-661:014.01). Hinar 13 fornleifarnar sem skráðar voru voru ekki taldar í neinni langvarandi hættu, og voru þær minjar yfirleitt í úthögum, fjærri byggðum svæðum.

Við gerð hættumats vegna fyrirhugaðra framkvæmda voru allar minjar innan úttektarsvæðanna metnar í mikilli hættu vegna framkvæmda. Ef helgunarsvæði minja náði inn á úttektarsvæðið voru þær metnar í hættu, en helgunarsvæði minja er almennt 15 m.[9] Alls voru 16 fornleifar metnar í mikilli hættu, tvær í hættu en þrjár í engri hættu. Hættumat miðaði við legu fyrirhugaðrar strengleiðar eftir þær breytingar sem gerðar voru á strengleiðinni haustið 2026. Þær fornleifar sem metnar voru í engri hættu voru allar utan áhrifasvæðis strengleiðarinnar eftir breytingarnar, þó þær hafi verið innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í upphaflegri útgáfu hans. Við gerð hættumats er það metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki sé gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella er hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfirstíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastað. Mögulegt þótti að komast hjá raski á nánast öllum minjastöðum innan úttektarsvæðanna með tilfærslu á jarðsteng.

Eftir að vettvangsvinnu lauk innan hvors svæðis var stutt samantekt rituð um helstu niðurstöður skráningarinnar. Samantektirnar voru sendar til verkkaupa og Minjastofnunar Íslands ásamt landfræðilegum gögnum og með þessu verklagi var komist hjá töfum á lagningu jarðstrengsins. Í samantektunum var m.a. farið yfir öll tilfelli þar sem fyrirhuguð strenglögn gæti ógnað minjum og gerðar tillögur að hliðrun línu sem gæti hlíft fornleifum frá skemmdum. Samantektirnar voru gerðar áður en endanleg úrvinnsla fór fram og í einstaka tilvikum hafa orðið breytingar á úrvinnslustigi.

Í tilviki leiða þótti skráning almennt fullnægjandi mótvægisaðgerð og í flestum öðrum tilvikum var það metið svo að hægt væri að forða minjum frá raski með merkingu og aðgát. Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem fyrirhugaður jarðstrengur ógnaði innan hvers svæðis, sem og þær hliðranir sem lagðar voru til af sérfræðingum Fornleifastofnunar, þar sem skráning eða merking þótti ekki duga sem mótvægisaðgerð. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reyndist að raska fornminjum vegna framkvæmda var það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar mættu víkja við slíkar aðstæður og þá hvaða mótvægisaðgerða væri þörf vegna þess. Allar skráðar fornleifar má sjá á minjakortum hér í þessum kafla og í Viðauka II.

[9] Í tilviki friðlýstra minja er helgunarsvæðið 100 m. Engar friðlýstar minjar voru innan eða nærri úttektarsvæðunum.



Yfirlitskort af úttektarsvæði 1.

V.I. Svæði 1 – Borgarfjarðarbrú að Vatnshömrum

Strengleið 1 var alls um 10,6 km á lengd. Hún náði frá miðri Seleyri (í Klausturtungum BO-104) sunnan við Borgarfjarðarbrú til austurs að tengivirki á Vatnshömrum BO-160. Út frá meginstrengleiðinni lá grein heim að sumarbústað á gamla bæjarstæði Árdals BO-151 og náði hún þar inn á heimatún jarðarinnar.

Skráðar voru 11 fornleifar innan úttektarsvæðisins (sjá töflu 2). Þar af voru þrjár fornleifar sem töldust til samgönguminja, tvær til búfjárhaldsminja og ein hver í flokk ræktunarminja, verslunar og viðskipta og kennimarkaminja. Þrjár fornleifar höfðu óþekkt hlutverk.


Tafla 2: Skráðar fornleifar á svæði 1, ástand þeirra og hætta vegna framkvæmda.

Samtala	Minj_ID	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hætta
BO-132:032.01	3589-1		tóft	stekkur	hleðslur signar	mikil hætta
BO-132:032.02	3589-2		tóft	rétt	hleðslur signar	hætta
BO-132:033.01	3589-3		þúst	óþekkt	sést til	mikil hætta
BO-149:014.01	3589-4		tóft	óþekkt	hleðslur standa grónar	mikil hætta
BO-151:013.01	3589-5		heimild	leið	ekki sést til	mikil hætta
BO-151:014.01	3589-6		garðlag	áveita	hleðslur signar	mikil hætta
BO-152:007.01	3589-7	Skipalækur	heimild	uppsátur	ekki sést til	mikil hætta
BO-152:015.01	3589-8		heimild	landamerki	ekki sést til	mikil hætta
BO-152:016.01	3589-9		tóft	óþekkt	hleðslur signar	mikil hætta
BO-651:022.01	3589-13		gata	leið	sést til	mikil hætta
BO-661:001.01	3589-14		vegur	leið	sést til	mikil hætta


Tillögur að færslu á strengleið voru gerðar á fimm stöðum:

Um 260 m suðvestan við bæjarstæði Grjóteyrar BO-149 lá fyrirhuguð strengleið yfir tóft BO-149:014.01. Lagt var til að strengleiðin yrði færð um 30 m norðar, út fyrir helgunarsvæði tóftarinnar.

Austarlega í landi Árdals BO-151, norðan Borgarfjarðarbrautar, lá fyrirhuguð strengleið yfir áveitugarð BO-151:014.01 og var lagt til að strengleiðin yrði færð a.m.k. 20 m sunnar.



Úttektarsvæði 1 í landi Grjóteyrar BO-149. Tillaga að breyttri strengleið er merkt með fjólubláu.




Úttektarsvæði 1 í landi Árdals BO-151. Tillaga að breyttri strengleið er merkt með fjólubláu.

Um 225 m NNV við sumarbústaðinn Lækjarbrekku 1 í landi Ytri-Skeljabrekku BO-152 lá fyrirhuguð strengleið nærri tóft BO-152:016.01. Lagt var til að strengleiðin yrði færð um 10 m sunnar, út fyrir helgunarsvæði tóftarinnar.



Úttektarsvæði 1 í landi Ytri-Skeljabrekku BO-152. Tillaga að breyttri strengleið er merkt með fjólubláu.


Vestarlega í landi Neðri-Hrepps BO-132, um 80 m norðvestan við vegamót Borgarfjarðarbrautar og Mófellsstaðavegar, lá fyrirhuguð strengleið nærri þúst BO-132:033.01. Lagt var til að strengleiðin yrði færð um 2 m norðar, út fyrir helgunarsvæði þústarinnar. Um 70 m sunnan Andakílsár lá fyrirhuguð strengleið einnig nærri tóftum BO-132:032.01 og BO-132:032.02. Lagt var til að strengleiðin yrði færð um 2 m suðaustar, út fyrir helgunarsvæði tóftanna.



Úttektarsvæði 1 í landi Neðra-Hrepps BO-132. Tillaga að breyttri strengleið er merkt með fjólubláu.



Úttektarsvæði 1 í landi Neðra-Hrepps BO-132. Tillaga að breyttri strengleið er merkt með fjólubláu.



Yfirlitskort af úttektarsvæði 2.

V.I. Svæði 2 – Vatnshamrar að Ferjubakka

Úttektarsvæði vegna strengleiðar 2 var alls um 7,5 km langt. Strengleiðin náði frá tengivirki á Vatnshömrum BO-160 til norðurs yfir Hvítá að vegi í landi Hvítárholts (úr landi Ölvaldsstaða MH-102) skammt vestan við merki við Ferjubakka MH-101. Teknir voru út 4,8 km vegna upphaflegrar strengleiðar en í landi Bárustaða BO-167, Hvítárvalla BO-169 og Ferjubakka MH-101 voru teknar út breytingar á strengleið sem alls voru um 2,7 km. Strengleiðin náði ekki inn á heimatún neinna þeirra jarða sem hún lá yfir.[10]

Skráðar voru 10 fornleifar innan úttektarsvæðisins (sjá töflu 3). Þær voru nokkuð fábreyttari en minjar á svæði 1, en fjórar fornleifarnar töldust til samgönguminja, fjórar til ræktunarminja og tvær höfðu óþekkt hlutverk.

Tafla 3: Skráðar fornleifar á svæði 2, ástand þeirra og hætta vegna framkvæmda.

Samtala	Minj_ID	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hætta
BO-169:039.01	3589-10		þúst	óþekkt	hleðslur signar	engin hætta
BO-169:040.01	3589-11		varða	samgöngubót	sést til	engin hætta
BO-169:041.01	3589-12		tóft	óþekkt	hleðslur signar	mikil hætta
BO-661:004.01	3589-15		heimild	leið	ekki sést til	mikil hætta
BO-661:014.01	3589-16		heimild	leið	ekki sést til	mikil hætta
BO-661:028.01	3589-17		gata	leið	sést til	mikil hætta
MH-101:032.01	3589-18		garðlag	áveita	hleðslur signar	hætta
MH-101:032.02	3589-19		garðlag	áveita	hleðslur signar	mikil hætta
MH-101:032.03	3589-20		garðlag	áveita	hleðslur signar	engin hætta
MH-101:032.04	3589-21		garðlag	áveita	hleðslur signar	mikil hætta

Tillögur að færslu á strengleið voru gerðar á tveimur stöðum:


Í landi Hvítárvalla BO-169, nærri bökkum Hvítár lá fyrirhugaður jarðstrengur yfir tóft BO-169:041.01 og var lagt til að stengurinn yrði færður um 16 m austar á því svæði, út fyrir helgunarsvæði tóftarinnar.

[10] Í upphaflegri mynd náði strengleiðin inn á heimatún Ferjubakka 1 Trönu, en það svæði var ekki tekið út þar sem leyfi fékkst ekki hjá landeiganda. Eftir breytingu á strengleið lá fyrirhugaður jarðstrengur að fullu utan túnsins.



Úttektarsvæði 2 í landi Hvítárvalla BO-169. Tillaga að breyttri strengleið er merkt með fjólubláu.

Í landi Ferjubakka MH-101 lá úttektarsvæðið í gegnum kerfi af áveitugörðum MH-101:032. Fyrirhugaður jarðstrengur lá í gegnum rof á garðlagi MH-101:032.01 en yfir garðlög MH-101:032.02 og MH-101:032.04. Lagt var til að strengleiðin yrði færð um 40-70 m austar á þessu svæði til að forða garðlögunum frá raski.



Úttektarsvæði 1 í landi Ferjubakka MH-101. Tillaga að breyttri strengleið er merkt með fjólubláu.

Heimildir

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Howell Roberts. 1997. *Menningarminjar við fyrirhugað vegastæði um Vatnshamraleið*. FS040-97091. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

AMS: Ameríska myndir, 1945-1946. Náttúrufræðistofnun. Sótt af: http://gis.lmi.is/geoserver/wms.

BB II: Jakob Jónsson o.fl. 1989. *Byggðir Borgarfjarðar II: Borgarfjarðarsýsla og Akranes.* Borgarnesi: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Birna Lárusdóttir. 2003. *Fornleifaskráning á Grjóteyri í Andakílshreppi. FS200-0305*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn.* 1857-1950. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri). 2009. *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð.* FS409-08071. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Herforingjaráðskort: Dönsku herforingjaráðskortin. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands. Sótt af: https://islandskort.is/map/1141#?c=0&m=0&s=0&cv=0&r=0&xywh=-2558%2C-328%2C11960%2C6555.

ÍF I: *Íslendingabók. Landnáma.* 1968. Íslenzk fornrit I. Jakob Benediktsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF VI: *Vestfirðinga sögur* 1943. Íslenzk fornrit VI. Björn K. Þórólfsson & Guðni Jónsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1925 & 1927. IV. bindi. Borgarfjarðar- og Mýrasýslur. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JÁM XIII: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1925 & 1927. XIII. bindi. Fylgiskjöl Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). 2019. *Aðalskráning fornminja í Skorradal: Niðurdalur.* FS721-16102. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Kristjana Vilhjálmsdóttir (ritstjóri). 2025. *Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs á Vesturlandi sumarið 2025: Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Stykkishólmur.* FS1069-25131. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Magnús Á. Sigurgeirsson & Orri Vésteinsson. [2000]. *Fornleifaskráning á Hvanneyri í Borgarfirði.* FS111-99241. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Landamerkjabók II. 1923-1993. Þjóðskjalasafn Íslands. Sótt af: https://jardir.skjalasafn.is/bok/16.

Orri Vésteinsson. 1996. *Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar: Svæðisskráning.* FS016-95033. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SSMB: *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar.* 2005. Reykjavík: Sögufélag & Örnefnastofnun Íslands.

Sturl: *Sturlunga saga.* 1988. I.-II. bindi. Örnólfur Thorsson, ritstj. Reykjavík: Svart á hvítu.

Túnakort: Uppdrættir af túnum. 1916-1925. Þjóðskjalasafn Íslands. Sótt af: https://testbirting.manntal.is/.

Ö-Ytri Skeljabrekka: Örnefnaskrá Ytri-Skeljabrekku. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Minj_ID	X (A)	Y (N)
BO-132:032.01	3589-1	369282	452724
BO-132:032.02	3589-2	369295	452744
BO-132:033.01	3589-3	368875	452124
BO-149:014.01	3589-4	364352	450361
BO-151:013.01	3589-5	365501	450337
BO-151:014.01	3589-6	366283	450823
BO-152:007.01	3589-7	367099	451016
BO-152:015.01	3589-8	368062	451740
BO-152:016.01	3589-9	366879	450981
BO-169:039.01	3589-10	368649	456300
BO-169:040.01	3589-11	368708	456378
BO-169:041.01	3589-12	368406	456624
BO-651:022.01	3589-13	368971	452188
BO-661:001.01	3589-14	365188	450458
BO-661:004.01	3589-15	369214	453697
BO-661:014.01	3589-16	368752	455103
BO-661:028.01	3589-17	368808	456607
MH-101:032.01	3589-18	367887	457340
MH-101:032.02	3589-19	368020	457164
MH-101:032.03	3589-20	367777	457194
MH-101:032.04	3589-21	368006	457183

Viðauki II: Minjakort

Kort á næstu síðum eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.


Svæði 1
BO-661:004.01
BO-132:032.01
BO-132:032.02
BO-651:022.01
BO-132:033.01
BO-152:015.01
BO-152:007.01
BO-152:016.01
BO-151:014.01
BO-661:001.01
BO-149:014.01
BO-151:013.01
0
0,5
1
1,5
2 km


Svæði 1
Svæði 1: Nærmynd I
BO-661:001.01
BO-149:014:01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 1
Svæði 1: Nærmynd II
BO-661:001.01
BO-151:013.01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 1
Svæði 1: Nærmynd III
BO-151:014.01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 1
Svæði 1: Nærmynd IV
BO-152:007.01
BO-152:016.01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 1
Svæði 1: Nærmynd V
BO-651:022.01
BO-132:033:01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 1
Svæði 1: Nærmynd VI
BO-132:032.02
BO-132:032.01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 2
MH-101:032.01
MH-101:032.03
MH-101:032.02
MH-101:032.04
BO-169:041.01
BO-661:028.01
BO-169:040.01
BO-169:039.01
BO-661:014.01
BO-661:004.01
0
0,25
0,5
0,75
1 km


Svæði 2
Svæði 2: Nærmynd I
BO-661:004.01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 2
Svæði 2: Nærmynd II
BO-661:014.01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 2
Svæði 2: Nærmynd III
BO-169:041.01
BO-661:028.01
BO-169:040.01
BO-169:039.01
0 20 40 60 80 100 m


Svæði 2
Svæði 2: Nærmynd IV
MH-101:032.01
MH-101:032.03
MH-101:032.04
MH-101:032.02
0 20 40 60 80 100 m